

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri

Reykjavík, 29. mars 2021
UST202103-277/B.B.B.
07.12.02

Niðurstaða eftirlits með ósoneyðandi efnum - málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 17. mars 2021 þar sem tilkynnt var um eftirlit í kjölfar ábendingar um markaðssetningu og notkun ósoneyðandi efna og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Kælismiðjan Frost ehf. hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með kælimiðlum sem innihalda ósoneyðandi efni og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur. Þar af leiðandi er hugsanlegt að aðrar vörur, sem Kælismiðjan Frost ehf. flytur inn og/eða markaðssetur, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Að framansögðu telst máli þessu lokið að hálfu Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri